

Úfgeislar

TÍMARIT UM LIFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 65. TBL. 14. ÁRG. FEBRUAR 1991

Tala má um lifaflsvæði, og á sliku aflsvæði geta furðulegir atburðir gerst.

Helgi Pjeturss

Ingvar Agnarsson:

Helix hringþokan (NGC 7293) í Vatnsberamerki (Aquarius)

(Sjá forsíðumynd)

Í Vatnsberamerki (Aquarius) er að sjá Helix hringþokuna (NGC 7293), sem er mjög fögur á að sjá í allsterkum stjörnusjám. Hún þenst út með allt að 50 km hraða á sek. Í miðju þokunnar er ákaflega raunbjört stjarna.

Hringþokur má sjá víða á himni. Eru það hringlaga (eða kúlulaga) þokumekkir, sem þenjast út frá miðju í allar áttir, stundum með miklum hraða. Í miðju sumra þeirra má sjá litlar stjörnur, ákaflega heitar. Álið er að hér hafi í sumum tilvikum orðið sólsprengingar (nova) í einhverri fortíð, þar sem viðkomandi sólstjarna hafi varpað af sér ysta hjúpnum, og hin sýnilega miðjustjarna hringþokunnar sé einskonar leifar þeirrar stjörnu sem þarna var fyrir.



„Dumb-bell“ (M 27) er stór og björt hringþoka í merkinu Litlaref (Vulpecula). Hana er auðvelt að sjá í litlum sjónauka.

ERINDI OG GREINAR

Ragnar Gunnarsson:

Um kenningar dr. Helga Pjeturss:

„Það er býsna langt síðan ég fór að hafa áhuga á því að vita hvert hið raunverulega eðli lífsins er. Ég gat aldrei fellt mig nægilega vel við skýringar spíritista á framhaldi lífsins þó að ég hafi allt frá því ég var barn verið fullviss um að líf sé eftir dauðann.“

Ég ætla að ræða um Nýal. Langar mig helst að gera það vel og ítarlega. Það verður að bíða betri tíma. Ég hef ekki haft tök á því að lesa Nýal að undanföru en í summar las ég hann vel. Mjög vel og ekki í fyrsta sinn. Það er býsna langt síðan ég fór að hafa áhuga á því að vita hvert hið raunverulega eðli lífsins er. Ég gat aldrei fellt mig nægilega vel við skýringar spíritista á framhaldi lífsins þó að ég hafi allt frá því ég var barn verið fullviss um að líf sé eftir dauðann. Enda fannst mér fljótlega að tilgangur lífsins hlyti að vera meiri og mikilfenglegri en sa að fæðast, lifa í 60-80 ár og enda sem ormafæða í foldu. En eftir að ég loks kynntist rit safni því er Nýall heitir og fór að sækja miðilsfundi 17 ára er ekki ofsögum sagt að nýr heimur hafi opnast mér. Nýall hefur verið mér það sem frelsi er fanga. Þannig er með ritverk Helga Pjeturss, eins og önnur göfug fræði, að því oftar og betur sem lesið er, þeim mun meiri verður hrifningin. Eða sú er míin reynsla. Fyrir hið fyrsta ritaði Helgi ákafléga fallegt mál. Það er unun að sjá hvernig hann orðaði hugsanir sínar og still hans er á heillandi hátt blátt áfram. Hann er hvorki þungur né ofhlaðinn og skrúðmælgi var Helga eigi að skapi. Af þeim sökum ætti folk að geta lesið Nýal einungis til þess að þroska tungutak sitt og málvitund. En ekki er til mikils að rita áferðarfagurt mál um efni sem

ekkert er. Og ekki verður sagt um Nýal að hann sé efnisrýr. Það sem Helgi ritar um er í senn óvenjulegt og frumlegt. Fróðlegt er að sjá hvernig hann meðhöndlars hina forngrísku heimspeki. Hann hefir lesið verk merkstu spekinganna á frummálinu, og eftir þeim upplýsingum að dæma, sem ég hefi aflað mér, hefir Helgi haft mjög gott vald á forngrískunni (auk margra annarra tungumála eins og menn geta séð við lestur Nýals).

Segja má að upplýsingar þessar séu 100% áreiðanlegar, því þær gaf mér grískur lögfræðingur, sem vinnur að doktorsritgerð hér í Þýskalandi. Náungi þessi, Jóhrgos Kendrotís að nafni, er alveg stórskemmtilegur og hefur eiginlega áhuga á öllu öðru en lögfræði. Hann er til að mynda þúsundþjalasmiður á sviði tungumála og virðist vita flest um menningu og listir. Eitt af afrekum hans var að fjalla um Eddu Snorra Sturlusonar í grísku menningarriti, sem í Þýskalandi er kallað Dhiawáso (hefti nr. 111 1985). Hefir verið mjög gaman að spjalla við hann um íslenskar fornbókmenntir. En skemmtilegast var að sýna honum það hvernig Helgi skildi og mat heimspeki forfeðra hans. Og Jóhrgos (sbr. George á ensku) var alveg heillaður af kunnáttu Helga því að forngrískra er mjög flókin tunga og er alls ekki á færi mjög margra grískra manna að kunna vel skil á henni. Sú grískra sem Grikkir nútímans tala og hafa talað er tvískipt: hágrískra og eiginlega svo bara talmál eða mælt mál (Umgangssprache á þýsku). Hágrískan, sem upprunnin er úr forngrísku en samt eitthvað breytt, er ekki lengur töluð því að árið 1980 varð talmálið að hinu opinbera tungumáli. Og sú tunga er mjög ólík forngrískunni. Þannig hefur Helgi okkar Pjeturss getað státað af betri kunnáttu í forngrísku en milljónir Grikkja geta nú.

Og hrifinn var Jóhrgos af því er hann sá að Helgi hafði sýnt viðleitni til þess að auðga hina grísku tungu með nýyrðasmíði: Hann skeytti saman hinu kunna grískra orði exelixis, sem þýðir þróun (sbr. evolutio á latínu) og di- og dys- og fékk diexelixis (borið fram ðíexe'lisis) og dysexelixis (ðisexe'lisis). En þessi hugtök eru mikilvægur þáttur í

heimspeki Helga og tákna framvindustefnurnar tvær í alheimi. Dia þýðir gegnum, algerlega, alla leið og Helgi beygði það rétt og fékk diexelsis. En gefum Helga orðið:

„Framvindustefnurnar eru tvær. Annað er hin góða stefna, lífstefnan, guðstefnan, stefna vaxandi samstillingar allra krafta, ávalt aukandi vits og afls og fegurðar. Hitt er hin illa stefna, stefna hinnar vaxandi þjáningar, helstefnan, Vítistefnan. Dysexelixis má kalla þá framvindu, sem er í raun rétttri ekki framförl. Það er sú stefna sem ræður á jörðu hér...“ (Nýall bls. 99).

Í texta þessum sjáum við Helga nota orðið helstefna, en það hefur náð að festast í tungunni og er gjarnan notað til að lýsa vargöld þeirri sem ríkir hérjarðar nú með kjarnorkuvá og öðrum óhugnaði. Dysexelixis má líka nefna öfugþróun.

Mörgum Íslendingum eru reyndar orðin diexelsis og dysexelixis býsna vel kunn, eða réttara sagt einhver afskræming þessara orða, því að Halldór Laxness sá af einhverjum orsökum ástæðu til að gera Helga Pjeturss að grínfigúru í einu skáldverka sinna (allir gátu a.m.k. séð að Helgi er fyrirmynd þessarar persónu) og þar sem það var Laxness, er þar átti í hlut, hefur mönnum ugglauð þótt þetta hin besta fyndni. En það er önnur saga.

Helgi vann heimspekina grísku að nokkru leyti þannig að hann tók brot og brot úr henni, sem féllu inn í púsluspil Nýals eins og lykill í skrá. Betur sagt, hafði Helgi gert sér vissar hugmyndir um þetta undarlega ferðalag líf og hann sá síðan eitt og annað í forngrískri heimspeki (sem menn í sumum tilvikum hafa ýmist verið að misskilja öld eftir öld eða þá að einn hefur skilið svona og annar hinsegin) mátti túlka á nýjan leik eftir nýölskum hugsunarhætti. Ekki hefur Helga þótt það í heimspeki Platóns vera ómerkilegt sem greinir frá því að sálir manna fari að loknu lífi til annarra stjarna. Mun það reyndar vera komið frá Pýbagórasí. En hve fögur t.d. ideufræði Platóns verður í ljósi Nýals. Hugtökin ideur (eða paradeigma) og mimema (eða homoióma) í kosmos noetos og aisþetos eru túlkuð samkvæmt líffræði-

legum skilningi. Sama má segja um það hvernig hann afgreiðir Plótin, sem var einn mesti hugsuðurinn og speki hans flókin mjög (Neoplatonisti ásamt Sakkas og Porphyrios). Maður getur vart annað en hrifist.

En Helgi las ekki einvörðungu hina fornu speki (Antike) heldur líka t.d. sjálfan risa Endurreisnartímabilsins (Renaissance, Wiedergeburt), Ítalann Giordano Bruno. Og ekki má gleyma þremur þýskum stórmennum; Immanuel Kant, Arthur Schopenhauer og Friedrich Nietzsche. Helgi hafði mikið dálæti á þeim þótt ólíkir væru. Svona má telja áfram. Hin sögulega heimspeki, sem hér hefur verið rakin, er þó ekki þar með sagt mjög áberandi í Nýal og notar Helgi hana oftast eins og máli sínu til stuðnings. Nýall er að mestu leyti fræði, sem ekki hafa verið kennd áður, ný viðhorf og nýr hugsunarháttur (Nýall þýðir: sá sem flytur hið nýja). Og ví sindaleg fræði eru þau. Helgi var raunvísindamaður, menntaður sem slikur.

Grein þessi er þegar orðin lengri en ég ætlaði í upphafi að yrði og eins og áður sagði langar mig seinna að freista þess að fjalla þannig um heimspeki Helga að vit sé í. Mun ég þá líklega vitna í efni, sem ég hef lesið aðallega á ensku en einnig þýsku. Þar er að mestu átt við rannsóknir vísindamanna í fyrirburðafræði en auk þess t.d. nýjungar í eðlisfræði. En áður en ég læt þessu lokið má ég þó til með að geta eins úr Nýal, sem vissulega er mjög mikilvægt atriði í boðskap Helga. Helgi hafnar kenningum spíritista um framhald lífsins og segir að það eigi ekki fyrir mönnum að liggja að verða að öndum, heldur hafi menn eftir dauðann efnislegan líkama eins og áður (þó að oftast sé hann betur úr garði gerður). Hér er við hæfi að vitna í spekinginn:

„Menn öettu að hugleiða það alvarlega, að trúin á andaheim stafar frá þeim tínum, er mennirnir voru ekki komnir á það stig þekkingar að vita að fleiri jarðir eru til en þessi sem vér byggjum.“ (Nýall bls. 255-6).

Og eins og náttúrufræðingi særir segir hann að lífið haldi áfram á **öðrum stjörnum** - í öðrum sólkerfum en

okkar. Ef við lítum einungis á þetta atriði í heimspeki Helga í samanburði við kenningar andatrúarmanna og notum fræðigreinar e.o. stjörnu-, eðlis-, efna-, líf- og náttúrufræði og heimspeki til að meta hvort framhaldið sé líklegra - ásamt því að höfða til heilbrigðrar skynsemi - hljótum við að hallast að máli Helga.

Hinn óendanlegi alheimur er sögusvið lífsins. Líf okkar hér er þar með endanlegur þáttur í óendanlegri tilveru. Eins og orðið felur í sér er ekkert utan alheimsins. Framhald lífsins er sem sagt einhvers staðar í alheimi. Alheimurinn samanstendur af svonefndum vetrarbrautum er innihalda sólkerfi. Sólkerfi hafa að geyma fastastjörnu eða -stjörnur (sólin) og jarðstjörnur. Á sumum þessara hnatta eru lífskilyrði (sem betur fer eru fleiri og fleiri að átta sig á því hve sennilegt er að það úi og grúi af lífi í alheimi; um þetta má t.d. lesa í bókinni *Cosmos* eftir Carl Sagan) og lífið nær að þróast tegund fram af tegund eftir vissum lögmálum. Sem sé þar sem er líf er efni. En þar sem er efni er orka. Hvað er lífvera annað en lifræn og ólifræn efni ásamt þessari liforku sem æ meir er farið að rannsaka og að nokkru leyti má taka mynd af í sérstöku hátíðnisviði. Ljósmyndatækni þessi sýnir að út frá öllu því sem líf heitir (hvort sem er maður eða blóm) streymir geislun eða orka, en ef lifveran er dán er orkan horfin!! Orka eyðist aldrei segir eðlisfræðin okkur. En hvað verður um hana? Alheimurinn er lokað kerfi þó að hann sé óendanlegur, og heildarorkan er stöðug, fasti. Þar með kemur liforkan, sem hverfur við andlát, fram einhvers staðar annars staðar í alheimi. Og hvar annars staðar á lífið að halda áfram en í náttúrunni sjálfri, innan hins lokaða kerfis. Í náttúrunni sjálfri þýðir á stjörnum, þar sem lífsskilyrði eru til staðar. Það er ekkert langssótt að lífverur flyttjist á milli lífheima á þennan hátt. Hreyfing er ósamfelld. Við skynjum hana sem samfellda en hlutur á hreyfingu haettir að vera til á einum stað og verður aftur til á öðrum; hverfur og myndast á ný.

Við dauðann flyst á annan hnött sú lífgeislan sem er einkennandi fyrir hvern og einn, sú geislan sem aðeins

lífverur hafa en dauðir hlutir ekki, og úr þessari geislan myndast líkami á viðkomandi framlifshnetti (gleymum ekki hvað efni og orka eru nátengd fyrirbæri; efni er annað form af orku og öfugt sbr. $E=m\cdot c^2$ - með þessu er þó alls ekki verið að segja að líforka flytjist með ljóshraða, hún gerir það án efa með miklu meiri hraða). Hver lifandi fruma geislar frá sér eftirmynnd sinni og hefur hún þá það sem máli skiptir fyrir hinn nýja líkama; upplýsingar um litninga og gen (ásamt fleiru) einkennandi fyrir hvern einstakling. Og flest þetta lýtur sérstökum lögmálum, sem mörg eru útskýrð í Nýal.

Ég vil að endingu hvetja fólk til að lesa Nýal. Öllum er hollt að fræðast svolítið um það af hverju þeir eru að hafa fyrir því að vera til. Ég segi öllum því að hver maður er mikilvægur þáttur í tilverunni enda er til mikils stefnt. Þar að auki var Helgi Pjeturss *in persona* ágætur siðfræðingur ásamt öllu hinu og er gott að íhuga siðfræði Nýals þó ekki væri nema til þess eins að göfga sjálfan sig dálitið. En ég legg áherslu á: sá sem vill skilja Nýal í samhengi verður að lesa vel og aftur. Lifið heil.

I heild hét greinin: „Af timaritinu Mannlif og dr. Helga Pjeturss“, en hér er birtur aðeins síðari hluti hennar. Höfundurinn, Ragnar Gunnarsson, var þá við læknisnám í Vestur-Pýskalandi.

Ritstjóri
Mbl. 17. 12. 1985.

Helgi Pjeturss:

Um stjörnusambandsstöð

Um byggingu sambandsstöðvar má segja það, að úr því snúið væri að verkinu með einlægum hug og margra samþykki, þá mundi allt takast betur en líklegt hefði þótt, og mundi hús það, er fuligert væri, þykja furðusmið, jafnvel þar sem byggingarlist er miklu framrar en hér. Æn þó umdir annað miklu merkilegra um hús þetta en hversu það væri að sjá. Áður en 10 ár væru liðin frá því að stöðin væri tekin til starfa, mundi frægð og velmegun þjóðarinnar hafa margfaldast. Mundi þá koma í ljós, miklu betur en áður, að framfarahæfari alþýða en íslensk, er ekki til á þessari jörð. Uppgangur Íslendinga var á 10. öldinni, með ólikindum; þeir voru þá mesta atgervisfólk jarðarinnar. Nú mundi framhald verða af þessu, og þó miklu betur, þar sem engin yrðu vígaferlin, en samhuga fólk og vitandi um hvert stefna skyldi.

10. okt. 1928.

Úr ritgerðinni: „Íslendingar sem forgönguþjóð.“ Ennyáll bls. 233.

Þorsteinn Guðjónsson:

Íslensk friðarsókn

Engin friðarstefna ríkir enn á þessari jörð, og friðarhreyfingar, sem menn hafa, eru ófullnægjandi. Og þótt margt gott sé hægt að segja um hugarfar margra trúaðra manna, virðast bænir í kirkjum sjaldnast hafa dugað til að afstýra striði. En þó að menn séu úrræðalitlir og þótt óvissa ríki, hygg ég samt, að ráðið sé til, sem duga mundi, og er það friðarstefna sú, sem hafin var af dr. Helga Pjeturss, íslenska vísindamanninum, sem sagði fyrir um helstefnuþróunina á þessari jörð. Dr. Helgi sagði, að á hinum síðustu stigum hinnar illu þróunar mundi kjarnorka leysast úr læðingi í miklum mæli, og var þetta skömmu eftir að menn vissu, að kjarnorka er til, og rétt áður en frétt barst af því, að E. Rutherford hefði tekist að kvarna utan úr ódeili (atómi).

Friðarstefna Helga Pjeturss hefur reyndar, þótt ótrúlegt sé, og alveg nýlega, náð að marka spor í stjórnmálum þessarar jarðar. Á ég hér við þá yfirlýsingu forsætisráðherra okkar Íslendinga, Steingríms Hermannssonar, að óleyfilegt sé að hafa hér á landi kjarnorkuvopn, ekki aðeins á friðartímum, heldur einnig ófriðar -, ef yrðu. Yfirlýsingin er afdráttarlaus og enginn mun treysta sér til að mótmæla henni, og það sem enn merkilegra er, hún er sprottin af íslensku frumkvæði. Og einungis með því, að Íslendingar taki sjálfir frumkvæðið, getur orðið um raunverulega friðarsókn að ræða. „Alþjóðlegar hreyfingar“ eiga sér oftast duldar rætur og eru lítt traustverðar.

Framhald hlýtur að verða af hinu íslenska frumkvæði, því að þetta er hin eina friðarstefna, sem farsael getur orðið, og menn eiga að taka undir með henni. Sá gamli íslenski heimóttarskapur, að geta aldrei unnt landa sínum góðs

hlutar af nokkru máli, má ekki verða hér til tafar. Örlög mannkynsins gætu oltið á framgangi þessa máls. Íslendingum hefur fyrir löngu verið ætlað það hlutverk að skapa frið á þessari jörð (en það myndi greiða fyrir friði á fjöldamörgum öðrum hnöttum, líkt stöddum). Vopnleysi þjóðarinnar um margar aldir er ein af bendingunum um friðarhlutverk hennar og dauðinn einn er vís, ef menn bregðast þessu hlutverki sínu.

Tíminn 16. 06. 1987

Orð Helga Pjeturss

Saga vaxandi þjáningar hefir saga lífsins verið á jörðu hér. Hin réttu sambönd skortir, samstillinguna við lífið á stjörnum, þar sem er í sannleika lifað. Þetta er það sem að er. Samband, samstilling er eðli lífsins. Hversu illa getur farið, þegar sambandi líkamshlutanna er raskað. Mér eru í minni hin ógurlegu kvalahljóð manns, sem meiðst hafði, og bana beið, af því að þessir líkamshlutar, sem við meiðslin höfðu slitnað úr réttu sambandi, fóru að rotna. Drep er slíkt kallað. En jörð vor er eins og rotblettur á heiminum, staður sem drep er í. Hvíldarlaust á lífið á jörðu hér í stríði við rotnunina, og alltaf er það rotnunin sem sigrar. Á þessu mun verða breyting, ef hin réttu sambönd fást, og samstilling verður við hinar fullkomnari myndir lífsins. Og þar mun koma, þegar hin rétta leið verður farin, að einnig vor jörð, sem svo lengi hefir verið heimkynni hörmunganna, verður heimkynni ljómandi farsældar. En án þess að vita það, sem á Íslandi er segja farið fyrst, getur þetta ekki orðið. Án þess að vita að á öðrum stjörnum eru fagrar og góðar verur, sem vilja efla oss og hjálpa, og án þess, að vita, að á öðrum stjörnum er framhald lífsins, verður ekki komist á hina réttu leið, þá sem liggur til fullkomins sigurs á þjáning og dauða.

Úr ritgerðinni Sambandsmál. Nýall, bls. 271.


Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka:

Listrænn sjáandi

Einn okkar snjöllstu listmálara, Eggert Guðmundsson, sem nú er láttinn, átti mjög sérstæða skyggnigáfu sem fáum var kunnugt um.

Hann málaði andlitsmynd af Hjálmarí Jónssyni frá Bólu sem hér fylgir, en Hjálmar sat þá fyrir hjá honum þótt löngu láttinn væri.

Hjálmar hafði komið fram á miðilsfundi og sagt frá, að hann væri ekki ánægður með þá mynd sem væri notuð af




Hjálmar Jónsson frá Bólu.

sér og sýndi hann aldinn að árum. Var Hjálmari bent á Eggert, sem hann heimsótti og sat fyrir hjá.

Annar löngu láttinn Íslendingur kom og sat fyrir hjá Eggert, en það var Egill Skallagrímsson og fylgir sú mynd hér einnig, en Egill var svo ókyrr að höfuð hans koma mörg fram á mynd Eggerts.

Pess má geta, að Eggert Guðmundsson bjó nokkur ár í Ástralíu og varð þá svo þekktur fyrir skyggni að lögreglan þar fékk hann til aðstoðar við lausn á morðmáli og leysti Eggert það þannig, að hann stillti sig inn á þann tíma sem verkið var framið á og lýsti sakaraðilanum að því svo nákvæmlega að hann fannst og viðurkenndi brot sitt.



Egill Skallagrímsson.

Loks fylgir hér mynd af þriðja Íslendingnum, Skallagrími Kveldúlfssyni, en þá mynd gerði Sigurður Guðmundsson, listmálarí, sá er teiknaði íslenska þjóðbúninginn, en hann kvað einnig hafa verið skyggn eins og Eggert, en ekki veit ég frekar deili á því.

Þessar myndir eru því allar gerðar af mönnum sem sáu inn á það svið sem geymir látna vini okkar, það svið sem kallar okkur til síн þegar þessari jarðvist lýkur.



Skallagrímur Kvöldúlfsson. Frummyndin er á Þjóðminjasafninu.

Þorsteinn Guðjónsson:

Líf er á öðrum stjörnum

Stofnendur Bandaríkjanna um og fyrir 1800 „trúðu“ nær allir á líf á öðrum stjörnum, og það var þess vegna, sem þeir voru svona miklir framfaramenn, eða réttara sagt, það hélst í hendur hjá þeim að trúá á framtíðina og að hafa þessa hugsun (t.d. John Adams, Jefferson, Franklin, Thomas Paine o.fl.; ég hef rekist á nýja heimild um þetta, hjá M. Crowe, sem er á móti þeim og ég kem að síðar, en heimilda-skrá hans er góð). Hinn hressandi gustur sem stafar af æviverki slíkra brautryðjenda, og menn halda stundum að heyri fortiðinni einni til, gæti vakist upp að nýju, hvenær sem er, ef mönnum auðnaðist að taka upp rétta hugsun í stað rangrar. Ég tala nú ekki um, ef hún væri aukin og endurbætt til muna, eins og ekki virðist ólíklegt, að ein-hverjum hafi tekist að gera síðan.

Kyrkingslegu og kræklóttu kjarri líkust er hugsun Jarðarmanna. Jesús benti til himins og sagði: „Parna!“ En hvað er „þarna“? Auðn og tóm? Eða aðrir hnöttir og lífið þar. Hreinlega það og hreint ekki annað. Sá maður er á móti Guði, sem segir, að hann hafi ekki getað skapað líf nema á einum hnetti. Sá maður ómerkir Jesúm, sem í lágkúruskap sínum og í heimildaleysi fer að brigsla honum um að hafa trúáð á kristalshvel.

Michael Crowe, prófessor í Bandaríkjunum, hefur skrifað 800 blaðsíðna bók til þess að klekkja á „líf á öðrum stjörnum“. Ég skrifaði honum og spurði hann hvaðan hann hefði það að tala um „vitsmunaverur utanjarðar“ með því orðalagi sem hann hafði (extraterrestrial intelligences). Því gat hann ekki svarað. „Ég ætti að vita þetta, en því miður

er ekki svo," sagði hann í svarbréfi. Það er ekki von, því að orðalagið var ættað úr íslenskri heimspeki.

Furðulega víða hef ég þó rekið mig á spor hinna íslensku vísinda. En mun það nokkurntíma takast að snúa gangi vísindastefnunnar á þessari jörð? Þar liggur mest við, en enginn þarf að halda að lítilsvert sé að við, almennir lesendur og skrifendur, sem ekki náum þangað „upp“, eflum viðleitni okkar til að hafa heldur skynsemi við en skynleysi.

Mbl. II 07 1989

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum:

Gegn undanhaldi íslenskunnar

Þrátt fyrir viðleitni ýmissa til varðveislu íslensks máls er það á undanhaldi hjá flestum. Dæmi um það er að segja „dreifbýli“ í stað „strjálbýlis“ sem er betra og hreinlegra orð. Orðatiltækið „að reikna með“ er jafnvitlaust og það er óíslenskt og þyrfti að hverfa úr notkun.

„Slydduél“ er vandræðaorð sem veðurfræðingar eru stundum eins og neyddir til að segja. Slydda og él eru sitt hvað. Él er ævinlega snjór og ætti því að vera óþarfi að segja „snjóél“. Krepja þýðir sama og slydda en mun vera eldra í málinu. Getur því krapahryðja eða krapaskúr komið í stað slydduéls og leysist þar með sá vandi.

„Upp rís andlegur líkami“, segja sumir klerkar um leið og þeir varpa moldarreku að kistu látnis manns og gera þeir það sennilega vegna ólíkinda þess að hinn látni rísi upp úr gröf sinni. En við það lendir klerkurinn í sömu vandræðum og veðurfræðingurinn með slydduélín.

Líkami getur ekki verið andlegur. „Af jörðu skaltu aftur upp rísa“ er hins vegar hið ágætasta fyrirheit, svo framarelega sem það er haft í huga að fleiri en ein jörð muni vera til í hinum þrolausa geimi sólna og vetrarbrauta.

DV. 28. 09. 1989.

Hlustað á fjartalanda

(20. 11. 1990)

Talskynjun

(Rætt var um guðlega tilraun til björgunar mannkyns í sambandi við lífmagnandi orku til Jesú Krists.)

Fyrsta nóttin

I

Ég var um tíma á Borgarspítalanum, um nærri þriggja vikna skeið fyrir áramótin, vegna ristilaðgerðar (sem tókst mjög vel). Eitt og annað bar fyrir mig í svefni og jafnvel í hálfsgerðu móki eða milli svefn og vöku á meðan ég var þarna. Vil ég hér reyna að segja frá einu slíku atviki:

Ég lagðist til svefnseint um kvöld (kl. 23,15) (þann 20. nóv. 1990) eftir að hafa fengið þann undirbúning hjúkrunarfólks fyrir nóttnina, sem því þótti við þurfa (verkjalyf o.fl.).

En svefn og ró lét á sér standa alllengi, ég held til kl. 1,00. Eftir það færðist yfir mig mikil værð og friður, sem hélst áfram. En glaðvakandi hélt ég áfram að vera, eða svo fannst mér, að minnsta kosti, því alltaf fannst mér ég vita af mér, liggjandi í rúminu.

Pegar nú þessi mikla ró var yfir mig komin, þá fannst mér sem til mín væri talað, eins og orð og hugsun væri aðsend að öllu (eða að mestu) leyti. Gerði ég mér þó vart fulla grein fyrir því, með hvaða hætti orð og hugsun bærust mér, því engan veginn skynjaði ég þá veru eða einstakling, sem talaði, og orð og hugsun bárust frá. Ekki greindi ég heldur hinn raunverulega málróm. Þetta aðsenda „tal“ mun hafa staðið yfir í allt að tvær klukkustundir, en á meðan á því stóð fannst mér tíminn ekki lengi að líða, og tel ég mig hafa hlustað með mikilli eftirtekt. Ætla ég nú að reyna að greina frá því helsta sem ég get munað úr þessu tali. Það var á þessa leið, í stuttu máli:

II

„Pess er fyrst getið um Krist, í bíblíunni, að hann fór út í eyðimörk, þar sem hann fastaði í 40 daga og 40 nætur og endaði með því að „sá vondi“ tók hann með sér upp á ofurhátt fjall, sýndi honum öll ríki veraldar og dýrð þeirra og sagði: „Allt þetta mun ég gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig.“ En Jesús stóðst þetta boð og létt ekki freistast.

Nú má með vissu vita, að enginn maður getur lifað matarlaus (og því síður vatnslaus) í svo langan tíma og síst í hitasvækju eyðimerkur. Jesús hefur því notið að magnanar eigi lítillar til að geta lifað þessa raun. En hann naut annars, sem bíblíán segir ekki frá:

Hann sá stórkostlegar sýnir til annarra hnatta og annarra mannkynja lengra kominna á lífstefnubraut. Þar hefur lífstefnan vissulega verið ráðandi, og svo mikillar samstillinger naut hann við einhverja þessara máttugu lifenda, að honum sjálfum fannst hann vera þessi máttarvera þannig að hann yrði til fulls aðnjótandi og réði yfir hennar afli og mætti. Öll orð hans síðar bera merki um þessa miklu lífmögnun og samband hans við þessa miklu máttarveru. Enda sagði hann: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu“. Svo mjög hefur Jesús magnast æðri orku, að er hann kom aftur úr eyðimörkinni, gat hann þegar, og ávallt eftir það, gert hin stórkostlegustu kraftaverk og haldið áhrifamiklar ræður, þar sem hann talaði um dýrð og mátt æðri veralda, þótt ekki komi það skýrt fram í bíblíunni. (Enginn maður vissi þá um byggð á öðrum stjörnum).

Pessi mikli aðsendi máttur entist honum, meðan hann fékk lífi haldið, en það var alltof stuttur starfstími, miðað við það, sem hinarr æðri máttarverur annarra stjarna höfðu vissulega ætlað honum. Hér var það skammsýni og vonska mannanna, sem kom í veg fyrir ætlan guðs, og guðlegan samtakamátt margra æðri mannkynja annarra stjarna, að lyfta mannkyninu á hærra stig vitsmuna og skilnings á eðli lífsins, en áður hafði tekist. En hér fór enn á sömu leið og áður: Pessi tilraun guðanna rann út í sandinn, var eyðilögð fyrir skammsýni og grimmd mannanna.

Fasta gerir menn hæfari til að njóta skynjana til sambands við líf lengra kominna mannodynja og til að magnast af slíku sambandi. Nýalssinnar gætu reynt föstu til þess að öðlast aukinn næmleika og aukna sambandsorku. En þessa tilraun yrði að gera undir læknishendi. Þetta þyrfti hinn litli hópur ykkar að reyna, og mætti gera ráð fyrir árangri, ef vel tækist til.“

III

Þegar hér var komið, hætti tal þessa fjartalanda, en ég lá eftir vakandi og reyndi að rifja upp sem nákvæmast allt það úr ræðu hans, sem ég gat munað og taldi mikilvægast. Fannst mér allmerkilegt að ég skyldi hafa orðið aðnjótandi þessa „tals“ og það þótt ég væri í vakandi ástandi.

Eftir að hafa hugsað um þetta góða stund seig loks á mig svefn og svaf ég vel til morguns. Og er ég komst á kreik skrifaði ég upp til minnis öll aðalatriði þessa „tals“, þessa „heyrnardraums“, þessarar „heyrnarskynjunar“, eða hvað sem ég á helst að kalla það.

Um mögnun manna og lífheims jarðar yfirleitt, er margt að segja. Vegan skorts á æðri mögnun er allur lífheimur jarðar svo illa haldinn sem raun ber vitni. Lífmögnun verður að aukast stórlega, ef breyting á að geta orðið. Og menn verða að eiga sinn þátt í því, vitandi vits, að stuðla að þeirri þróun og þeirri mögnun svo sem kostur er á.“

*Borgarspítala 20. nóv. 1990, um nótt kl. 1-3.
Ingvar Agnarsson.*



Glitrandi sólir blasa við sjónum hvert sem augum er rennt um himins hálfur.

Hlustað á fjartalanda

(21. 11. 1990)

(Rætt var um líf og líforku þar sem rétt er farið að stefna)

Önnur nóttin

I

Næsta kvöld (mvd. 21. nóv. 1990) lagðist ég út af til að sofa um svipað leyti og kvöldið áður en ekki vildi svefninn heimsækja mig, frekar en áður, og var hugur minn heldur órór og bylti ég mér í rúminu margsinnis. En loks hélt rósemin innreið í sálu mína, eftir að klukkan var orðin eitt, en ekki seig mér svefn á brá.

Og rétt eins og nóttina á undan, þá fór mér nú að berast „tal“ sem ég taldi að væri að öllu eða að mestu leyti aðsent.

Það var sem æðri vera talaði. Ekki greindi ég málróð fremur en nóttina áður, en stundum sérstæð orð. Sumt af efninu var mér (eftir á) ekki að fullu ljóst, hvort komið hefði getað úr eigin huga eða verið beinlínis aðsent, en eitt og annað mátti ég kannast við úr ritum dr. Helga Pjeturss. En mjög vel taldi ég mig vakandi og leggja við hlustir og/eða öllu fremur hug. Þetta tal mun ekki hafa staðið skemur en tvær stundir.

II

Mun ég hér reyna að greina frá því allra helsta, sem ég get munað. Talið, sem mér barst, var á þessa leið: „Reynt er nú að senda líforku til jarðar í mjög auknum mæli, og munu þess sjást merki brátt, ef vel tekst til. Lífið á framlifshnöttum, þar sem vel stefnir, tekur mjög langt fram lífi frumlífs-hnatta, eins og jarðarinnar. Allt er gegnmagnað af líforku, menn, dýr, jurtir, steinaríkið.“

Ef vel tekst til með sendingu aukinnar líforku til jarðarinnar, mun það t.d. koma fram í því, að menn og dýr þurfa minni fæðu en áður. Um leið og fæðubörf rándýra minnkar, þá mun og grimmd þeirra minnka og græðgi, þau þurfa þá

færri fórnardýr sér til vaxtar og viðgangs. En aðstreymi líforkunnar hefur þá einnig þann framgang, að þeim mun fækka, það er eðli líforkunnar, þar sem hið rétta eðli hennar fær að njóta sín í réttu umhverfi. Sömuleiðis mun fórnardýrum rándýranna þá fækka. Þar verður ekki um offjölgun að ræða. Tökum til dæmis þorsk og loðnu. Vegna rangstefnunnar á jörðu ykkar, eru hinar gífurlegu miklu loðnutorfur ein af aðalfæðutegundum þorskanna, og fjölgun og fækkun þorska ræðst nú að miklu leyti af fæðuframboði loðnu og annarra tegunda dýra, honum til handa. Þannig er þetta með allar dýrategundir á ykkar jörðu, einnig jurtaætanna. Framboð matar, er undirstaða dýrafjölda hverrar tegundar.

Þar sem rétt stefnir er ekki þannig. Og takist að senda aukna líforku til jarðarinnar, þá mun þetta einnig breytast hjá ykkur. Aukning lífmagnanar dregur úr neyslu, en einnig úr offjölgun allra tegunda í dýraríkinu.

Á hnöttum hinna lengra komnu eru líka dýr. Þau eru ákaflega fögur og vitur, langt umfram það, sem þið jarðarmenn þekkið eða getið hugsað ykkur. Þar eru alls engin rándýr. Þar eru engin dýr sem líkjast rándýrum, t.d. engin dýr með veiðiklóm og vígtönnum. Engir á hnöttum guðanna lifa á öðru lifi, ekki einu sinni á jurtum. Jurtir eru þar óumræðilega fagrar og útlit þeirra fjölbreytt. Blóm þeirra eru geislandi, í líkingu við guðina sjálfa. Þau eru öllum til mikils yndis. Þau lifa sjálfstæðu lifi, sem enginn spillir. En það er hlúð að þeim og það er annast vel um þau.

Engar jurtir eru etnar af neinum, nema þá ávextirnir, ekkert sníkjulíf þekkist. Tilgangur guðanna er að gera alla hnetti í alheimi líka sínum heimkynnum þ.e. heimkynnum guðanna.

Hinir lengra komnu (guðirnir) byggja ekki bústaði sína úr jurtum (t.d. trjám eða öðrum jurtum) Allt byggingarefni er sótt í steinaríkið, enda er einnig það gegnmagnað og geislandi bjart. Stjörnusambandsstöðvar hinna lengra komnu (guðanna) eru t.d. byggðar úr skínandi bergtegundum. Lítið á lýsingarnar í Eddunum ykkar og sjáið hvort þar er ekki talað um fagurt berg í sumum af stjörnusambandsstöðvum

þeim, sem þar er lýst, t.d. þetta:

„*Pann hafa horskir
halir um görvan
úr ódökkum
Ógnar-ljóma.*“

Hér talar skáldið um ljómandi málm eða bergtegund í byggingu þeirri, sem hann lýsir svo fagurlega.

Tilgangur hinna lengru komnu, er að breyta svo lífi jarðar ykkar og annarra jarða hliðstæðra, að í sannleika verði líf farsældar og gleði og í samræmi við hið fullkomna líf þeirra sem lengst eru komnir. Hér verða Nýalssinnar að standa framarlega í flokki og vinna brautryðjendastarf, enda eru þeir einu jarðarbúarnir, sem geta stuðst við uppgötvanir og skilning, sem þegar er fyrir hendi, á eðli heims og lífs.“

21. II. 1990, Borgarspítala.
Ingvar Agnarsson.

MYR

Spekiorð H. Pjeturss

Að rétta við hina arísku framsókn — að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf — það er hlutverk íslensku þjóðarinnar. (Nýall bls. 439).

Vort hlutverk er það, að koma þannig áleiðis skilningnum á lífinu, að vísindi verði. (Nýall bls. 440).

Vér eigung að verða í því öðrum til fyrirmynadar að taka upp samband við æðri verur, af skyngsamlegu viti, en engum átrúnaði. (Nýall bls. 440).

Tilgangur lífsins er sá, að koma hinni líflausu náttúru, undir yfirráð æðra afsl en áður. (Nýall bls. 441).

Í manninum hugsa jarðefnin. (Nýall bls. 441).

Ein uppgötvun er alltaf inngangur að annarri stærri. (Nýall bls. 446).

Draumvitundin er annars manns meðvitund. (Nýall bls. 454).



Svo fjarlægur er Plútó að sólin hefur mjög lítil áhrif á hitastigið við yfirborð hans.

Ingvar Agnarsson:


Plútó og Charon

Plútó er ysta reikistjarnan í sólhverfi okkar og sú sem síðast var uppgötvuð (árið 1930) enda er meðalfjarlægð frá sólu 5,9 milljón km. (Sólfirrð 7,375 milljónir km. og sólnánd 4,423 millj. km.) og því 30 og 49 sinnum lengra frá sólu en jörðin. Umferðartími Plútós um sólna er 248 jarðarár. Þvermál um 3.600 km. Brautarhraði er aðeins 4,7 km. á sekúndu. (Til samanburðar er brautarhraði jarðarinnar 29.8 km. á sekúndu).

Það var ekki fyrr en árið 1978, sem menn uppgötvuðu að Plútó fylgdi eitt tungl. Því var nafn gefið og var kallað **Charon**. Það er stærsta tungl sólhverfisins ef miðað er við móðurhnött. Þvermál þess er um 1200 km. og gengur um Plútó í 23.000 km. fjarlægð á 6,4 dögum. Svo einkennilega vill til að snúningstími Plútós um öxul sinn er alveg sami, 6,4 dagar. Charon er því alltaf uppi yfir sama svæðinu á Plútó, rétt eins og sjónvarpshnettir jarðar okkar eru alltaf uppi yfir sama svæðinu um miðbaug jarðar.

Ekki liggur braut Charons um Plútó á sama fleti og umferðarbraut Plútós um sólina, heldur allmjög hallandi eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

Það þótti ekki lítið afrek á sínum tíma að uppgötva Plútó svo fjarlægur sem hann er og birtan dauf, og enn má það teljast til afreka að Charon skyldi finnast.



Myndin sýnir hluta af umferðarbraut Plútós um sólina en einnig alla braut Charons um móðurhnöttinn.

Einar Benediktsson:

Öldulíf (Brot)

Sá deyr ei, sem heimi gaf lífvænt ljóð.
Sá lézt, sem reis þögull frá dísanna borði,
sem kraup við þess öndveg með kalið blóð
og kom ekki fyrir sitt hjarta orði.
Andi mannsins er eins og sjór,
og alda hans hver er mynd af hafi, —
dauð undir logni, í storminum stór,
með strauma, sem bera ei hljóð í kafi.

Það er einhver bylgja, sem brýzt mér í sál.
Hún beinist frá öllum jarðarálfum.
Mín innsta hugsun, hún á ekki mál,
en ósk og bæn, sem hverfur mér sjálfum, —
að senda hátt yfir heimsins sól
hljómkast af annarrar veraldar orðum,
— að standa upp fyrir alveldis stól,
þar eilífðar hirðin situr að borðum.

Kvæðasafn 1964.

Helgi Sæmundsson:

Leiftrandi stjarna

Kyrra stundu og bjarta
kanna ég reginhyl
fjarlægðar milli hnatta
fagnandi himindýrð.

Leiftrandi næturstjarna
lysir mér háan veg.
Biður mín þar á morgun
bólstaður sælla ljóss.

Vefurinn sifelldi

Davíð Stefánsson:

Geislabylgjur himins **(Brot)**

Ég horfði út um gluggann og himin drottins sá,
og hugur minn gat flogið um endalausa geima.
Ég flaug á milli stjarnanna af fögnuði og þrá,
og fannst ég vera heima.

Ég logaði af gleði
og gamla drauminn réði,
fann geislabylgjur himins um sálu mína streyma.

Að norðan bls. 176

Þrír draumar

I

1. Horft í spegil í draumi

Mig dreymir að mér verður litið í spegil, og þar sé ég allt annað andlit en mitt eigið. Það virðist af Suður-Evrópubúa, dökkt, augun dökk, hárið dökkt með háum kollvikum og andlitið þétt. Eftir útlitinu að dæma var það af þritugum manni, en ég er 18 ára. Maðurinn sem ég sá í speglinum virtist vera um það bil 170 cm. á hæð en ég er yfir 190, með blá augu en eins og áður kom fram var maðurinn í speglinum með dökk augu. Draumur þessi stóð aðeins stutta stund og skipti þá strax yfir í þann, sem hér segir frá.

*Dreymt í ágúst 1989.
Ásgeir Garðarsson.*

2. Skólabyggingin stóra

Ég kem að mjög stórri byggingu, með það á tilfinningunni að ég eigi að ganga í skóla þar. Í brekku fyrir framan húsið sátu ungmenni, sem virtust vera að bíða eftir að kennsla hæfist. Rétt á eftir gengu allir inn og ég fylgi á eftir. Þegar inn var komið var ég staddur í geysistórum sal. Þar hitti ég kennarann sem sagði mér, að fylgja hinum upp í fyrirlestrarsalinn. Þá fyrst fór ég að líta í kringum mig og sá að fjöldi pilta gekk upp skábraut sem lá upp með langveggnum inn í hornið við gaflinn hálfu leið undir þakið, þaðan upp gaflinn og upp að þakinu við hinn langvegginn. Þar skildist mér að bak við stórar dyr, sem þar sáust, væri fyrirlestrarsalurinn. Þeir sem voru komnir þangað virtust álíka stórir og flugur til að sjá, svo að salurinn sem ég var í hefur verið geysistór. Piltarnir voru allir klæddir í ryðbrúna boli girta ofan í hvítar stuttbuxur. Þeir voru allir eins að sjá, sólbrúnir

og með dökkt hár. Ég slóst í hópinn og gekk upp að dyrunum og inn fyrir. Þá sá ég yfir allan salinn, sem var alveg eins og þeir sem við þekkjum hér, nema að hann hlýtur að hafá tekið mörg þúsund manns í sæti. Og í því vaknaði ég.

Ásgeir Garðarsson.

3. Tilfinning fyrir eigin stærð í draumi

Mig dreymdi að ég stæði og væri að eiga eitthvað við vatnskassalokið á Mercedes Bens, grænum að lit. Allt í einu missi ég það niður á planið. Nú, auðvitað beygi ég mig niður og tek það upp. En þá tek ég eftir því að ég er miklu lægri í loftinu en ég raunverulega er. Ég hafði það alltaf á tilfinningunni, á meðan mig var að dreyma, að ég væri annar maður, sem ég þekki, og á grænan Bens. Þegar mig dreymdi þetta gisti ég hjá þessum manni. Hann er leigubílastjóri og var að vinna alla þessa nótta. Tilviljun? Eða var hann draumgjafi minn?

Dreymt 29. 07. 1980.
Ásgeir Garðarsson,
Hellisholtum, Hrunamannahreppi.

II

Umsögn

Þessir þrír draumar Ásgeirs Garðarssonar, eru í raun hver öðrum athyglisverðari.

Í fyrsta draumnum, lítur hann í spegil og tekur þá vel eftir útliti sínu, sem mjög er ólíkt útliti Ásgeirs. Hér er það draumgjafi hans, sem horfir á sjálfan sig í spegli. Og þannig er það ævinlega. Þegar við lítum á andlit okkar í draumi, þá er það aldrei eigið andlit dreymandans, heldur ávallt andlit þess, sem gerst hefur draumgjafi okkar þá stundina.

Pennan mismun þyrftu allir að athuga og mundi það mjög auðvelda allan skilning á eðli drauma, því „draumur eins er ævinlega vökulíf annars“.

Í öðrum draumnum er Ásgeir í ákaflega stóru húsi, og byggðu á svo einkennilegan hátt, að vafasamt er að slikt

fyrirfinnist hér á jörðu, enda má gera ráð fyrir að meirihluti drauma okkar sé frá öðrum stjörnum runninn.

Í þriðja draumnum er mikil líking við fyrsta drauminn að því leyti, að dreymandinn skynjar þar hina raunverulegu stærð og ýmsa eiginleika þess, sem draumsambandið er við, og alls ekki eiga við stærð eða annað útlit Ásgeirs, draumþegans.

III

Ákaflega væri æskilegt ef fleiri lesendur Lífgeisla vildu senda ritinu slíka drauma, þar sem vel kæmi fram hinn mikli mismunur á draumgjafa og draumþega, sem svo vel kemur fram í ofansögðum draumum.

Ingvar Agnarsson.

Sólirnar tvær

I

Mig dreymdi, að ég væri stödd úti á víðavangi. Mér varð litið í vissa átt og varð allundrandi, er ég sá, að sólin var alveg rétt hjá mér og ég tók eftir, að frá henni stafaði mjög mikil birta. Mér fannst það ákaflega undarlegt, hvað sólin var nálægt mér.

Í þessu verðu mér litið til himins og þá sé ég þar aðra sól. Hún var miklu stærri en hin sólin, sem ég sá fyrst og mér fannst þessi sól vera hátt uppi.

Ekkert fólk sá ég í draumi þessum. Og er ég vaknaði upp, frá þessum undarlega draumi, þá leið mér mjög vel.

*Aðalbjörg Bjarnadóttir
(Völvufelli 48).*

II

Umsögn um drauminn

Lítinn vafa tel ég á því, að í draumi þessum hefur tekist samband við draumgjafa á öðrum hnetti. Nokkuð er undar-

legt að draumgjafanum finnst önnur sólin (sú sem fyrr er sagt frá) vera rétt hjá sér. Gæti þarna að vísu verið um rangþýðingu draumþegans að ræða, og að hér hafi þá í raun verið um að ræða geislandi bjarta veru, sem komið hafi fram í nálægð draumgjafans. En sólin stóra á himninum mun áreiðanlega hafa verið raunveruleg sól, sem lýsa mun hnerti draumgjafans.

Draumurinn bendir mjög til þess, að draumsamband þetta hafi verið upp á við, til hnattar, þar sem stefnt er til réttrar áttar. Virðist mér vellíðan draumþegans, þegar hún vaknaði, mjög styðja þá skoðun.

I. A.

„Það er komið stríð“

Mig dreymdi að ég væri heima hjá mér og þótti mér það vera á Hábraut 4 í Kópavogi, þar sem ég nú á heima. Ég þóttist heyra einhvern hávaða úti. Opnaði ég því útidyrnar og fór út. Þar var myrkur. Margt fólk, mér ókunnugt stóð þarna. Allir horfðu til austurs. Ég leit til sömu áttar. Engin voru þar hús að sjá, eins og raunveruleikinn er hér, heldur lág, ávöl hæð. Ég sá örgranna ljósrák sem stóð beint til lofts. Ekki sást til himins eða stjarna fyrir dimmviðri. Ég spurði fólkid: „Hvað er eiginlega um að vera“.

Einhver svaraði: „Það er komið stríð, allsherjarstríð“.

Ég sagði: „Ég trúi þessu ekki. Það hefur ekki verið neitt ófriðlegt undanfarið“.

Einhver svaraði: „Það er nú samt svona. Horfðu bara eins og við hin, þá mun eitthvað óvænt koma í ljós“.

Ég gerði svo, en sá ekkert sérstakt nema ljósrákina mjóu, sem enn stóð þarna. Og ég hélt áfram að undrast þennan ljósgeisla, skildi ekki hvað þetta gæti verið eða hvers vegna.

Ekkert sérstakt bar fleira fyrir augu og brátt vaknaði ég upp frá þessu. En draumurinn var mér samt hugstæður alllengi eftir að ég vaknaði.

Ingvar Agnarsson. (Dreymt 23. 09. 1989).

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 23. 02. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sæmundur fróði.

(Sæmundur fróði):

Komið sæl og blessuð.

Maður framliðinn íslenskur talar.

Ég er mjög að hugsa til ykkar fundar og hvernig ég geti sagt hlutina. En þið eigið þökk skilið fyrir ykkar viðleitni til að stilla til sambands út fyrir hnött þann, sem við vitið, að er nú ekki neitt annað en ein af stjörnum vetrarbrautarinnar og þar er byrjun ykkar og upphaf og rætur. En síðar liggur leið ykkar að öðrum jarðstjörnum koll af kolli í óendanlegum heimi rúms og stjarna. Þetta er nú undirstöðuatriði að gera sér ljóst.

Ég finn að þið eruð frjálshuga fólk. En í vetrarbrautinni, sem við köllum, eru mörg sólhverfin, fjöldinn af byggðum hnöttum ótrúlegur. Það er í flestum sólhverfum líf og ekki ástæða til að ætla að lífið sé einstakt þar sem ykkar jörð er, og án tengsla við líf annarsstaðar. Það væri óhugsandi að fram kæmi líf nokkursstaðar af sjálfu sér eingöngu. Hér er um að ræða orkuflutninga milli hnattanna. Þar sem líf á sér stað, þar er samband, orkuflutningur frá einni jörð til annarrar.

Ég er framliðinn af jörðinni, forn-íslenskur maður. Sæmundur fróði kallaður og nafnið kunnugt af ritum fornum og frásögnum, sem misjafnlega trúverðugar kunna að þykja, þó skemmtilegar séu og hnittnar sumar. En það eru margar þjóðsögurnar og sumar skemmtilegar. Nú hef ég reynt að stunda fræði míni og reynt að víkka sjóndeildarhringinn eftir föngum í framlífinu og þannig hefur mér aukist nokkuð skilningur og þekking á ýmsum sviðum í fornum fræðum og nýjum.

Kristín: Þú hefur kannski haft hina svokölluðu dulrænu hæfileika?

Sæmundur: Og tala mætti margt um það ef til vill meðal annars sem ég skynjaði í frumlifinu og sá í önnur sólhverfi. Margir hlutir birtust mér þannig. En það (var) merkilegt samband það sem fornmann höfðu upp á við, við goðin, frændur lengra komna á öðrum hnöttum og það samband átti sinn þátt í málsnilldinni til forna (og) afrekum manna í fræðum. En það eru nú fáir, sem þannig munu skilja þessi afrek Forn-Íslendinga að setja þau í samband við stjörnurnar, þó það væri einmitt hið rétta og mundi varpa nýju ljósi á forna menningu þjóðarinnar. En þetta er mjög furðulegt, hvað tókst á þessum tínum að glæða hér hámenningu. Þótt margt færí nú þar á versta veg, stendur það óhaggað, sem mestur auður er í, varðveisist hefur sagan og málið og þjóðernið.

Pakka nú fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 2. 7. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Pasteur.

Pasteur.

Heill ykkur stjörnulíffræðingum, heimspekingum íslenskum.

Málefni ykkar er svo stórkostlega þýðingarmikið fyrir framtíð mannkynsins. Ekki er unnt að gera of mikið úr því, að það er sambandseðli lífsins og sambandsmöguleikar við alheiminn, sem íslenskur vitfrömuður fyrstur hefur vísindalega uppgötvað og skilið. Er þar um að ræða höfuðuppgötvun í líffræði og heimsfræði jarðneskum vísindum fyrr og síðar. Er því ekki lítið undir því komið, að sá þekkingarauki, sem hér um ræðir, megi sigra, öðlast nægilegt fylgi.

Það þarf ekki (að) benda á hættunar þær, er mannkyninu eru búnar, þar sem eru styrjaldir og náttúruhamfarir, hverskonar náttúruspjöll og eyðilegging, umhverfing á verri veginn. Allt er þetta afleiðing mannglegrar ófullkomnumar og

vanþekkingar á eðli heims og lífs, er ekki verður úr bætt nema með tilstyrk aukinnar þekkingar og aðstoð lengra kominna mannkynja annarra hnatta, þar sem þekkingin er hin sanna leiðarstjarna á braut farsældarinnar.

Öll saga mannkynsins er meira og minna ofin hörmungum og þjáningum og böli ýmsu. Frá upphafi til þessa dags hefur sigið á ógæfuhlið. Þrátt fyrir margt hafi áunnist fyrir starf brautryðjenda vísinda, andans leiðtoga á ýmsum sviðum, hefur þó eitthvað á vantað svo dygði til að rétt stefna yrði tekin til framfara og farsældar alls mannkyns.

Þetta er þess vegna ekki minna en úrslitabarátta ljóss og myrkurs, vits og heimsku, framtíð mannkynsins, sem um er að ræða. *Öll orka heimsins á að beinast að sameiginlegu takmarki, eflingu sambandsins við hið œðra tilverustig stjarnanna.*

Þakka fyrir.

Verið sæl.

Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku).

Sambandstal í einrúmi

Saraþústra, sæll og blessaður. Jæja ég vildi geta margt sagt og það mun ég síðar geta áreiðanlega. Og ég vonast til að það muni áður en langt um líður mjög auðvelt verða að koma fram upplýsingum og vitneskju sem nauðsynlegt er.

Í sambandsstöðinni ykkar þarf mjög að vaxa afl. Og það þarf að koma þar í sambandsstöð ykkar fram meiri skynjun. Sambandsskynjun þarf að verða þar sem öflugust og það þurfið þið að geta skynjað til guðanna. Guðsamband ykkar þarf að verða sem öflugast og vaxandi samband.

Það eru stórkostlegir sambandsmöguleikar þegar komið er á lífstefnuleið. Og þá munu skilyrðin á jörðu ykkar verða slík að möguleikar munu verða á að auka vit og hugsun manna mjög merkilega.

Þá mun guðlegur kraftur og viska ná þeim tökum að eigi

munu verða nein vandræði á að koma mannkyninu á þá leið sem það á að fara.

Pá munu guðirnir geta komið fram sinni hugsun og áhrifum þannig að eigi mun verða fyrirstaða. Munu menn magnast skynjun og viti mjög merkilegu.

Munu áhrif hinn lengra komnu segja til sín í vitaukningu, auknum skilning og þroska, andlegum og líkamlegum mjög. Munu sambandsáhrifin segja til sín hjá einstaklingnum í vöku og svefni mjög merkilega. Magnan einstaklingsins mun verða furðuleg.

Afleiðingar þeirrar mögnunar munu verða þær að einstaklingurinn verður stórlega merkileg vitvera. Munu þeir lifendur sem þá verða á jörðinni, hver einn að viti og öðrum hæfileikum verða mjög miklu öflugri en nokkur hefur enn verið á jörðinni. Þar munu hæfileikar einstaklingsins og alls mannkyns mjög öfluglega stillast saman. Þá mun hver njóta sín og heildin verða þar með sterkari. Heildin mun alsamstillast og það mun hver maður verða aðnjótandi alls hins mikla vits heildarinnar. Samstilltir lifendur jarðar munu lífheild verða og sérhver njóta lífmagns allra annarra. Þá verður heild lífsins aðnjótandi óumræðilegs aðstreymis guðlegs kraftar frá hinum æðri stjörnum. Hefjast mun mannkynið þá á æðra stig þroska, undraverður kraftur mannkyns alls. Mun lífið ná guðsstigi.

Lífsamband hnattanna í alheimi er vissulega mjög stórkostlegs eðlis.

Þar sem lífsamband hnatta á milli er nógu fullkomið, verða áhrif guðlegs eðlis alltaf vaxandi. Mun líf skapast af geislun á hverjum hnetti og áhrifum af enn öðrum hnöttum, þar sem áhrif guðanna ná að vekja efnið til lífs, skapast lífsvera, og þar lifnar hin líflausa náttúra hnattarins. Þar gerist kraftaverk nokkurskonar þar sem hinn skapandi kraftur lífsins stillir saman líflausar efnisagnir. Samstillt lifagnavera kemur fram. Á sér stað síðar þróun sem kallast mætti til að þroska hina lífsmögnuðu veru. Er þar sem líf skapast, mjög merkileg tilraun guðanna til að breyta ófullkomnum í fullkomnum. Guðirnir hafa vissulega áhrif á

fjarlægar stjörnur og áhrif á þeirra efni og þeirra þróun. Þeirra áhrifa gætir með vitverum stjarnanna í réttri hugsun og góðvild mjög. Mjög skapast tilveran samkvæmt sérstökum geislunaráhrifum ýmiskonar, þar sem máttur skapandi kraftar lífsins magnar efnið hefst það á herra stig sambands. Þar gerast breytingar á niðurskipan hinna líflausu efnisagna. Þar skapast milli efnisagnanna aflstreymi og þar byrjar saga lífsins. Þar er hafin vitmagnan líflausra efnismagna. Saga lífs hnattar verður saga efnislegra breytinga. Þar skapast vísir að lifandi og hugsandi veru. Þar færst náttúran til hinna geislandi vitsambanda. Þessi guðlegi kraftur magnar efnið til fullkomnumnar. Hinn máttugi alskapandi kraftur heimsins, lífgeislunn, hefur sína aðferð að vitka efnið. Þar skapast frumur sem vakna til vits, og þær skapast með geislans vilja. Geisli alsambands lífsins stillir saman þær frumur er hafa í sér hugsanaeðli. Þar er, úr byrjunarsögu vitsins, margt merkilegt að segja. Þar er saga hafin til heilans vaxtar. — Sú saga heilans má verða mjög rakin þegar beitt er réttri athugun.

Hugsandi efni heilans hefur möguleika á að geisla frá sér samskonar samstilling sem þar ríkir. Þeir skapa vissulega, þeir geislar, sama ástand í öðrum heilum. Þegar það gerist sem er algengt kemst á hugsamband en nokkuð er það misjafnt hvernig það tekst. Hinir ýmsu mannsheilar, sem kallast hinn hugsandi hluti einstaklingsins eru misjafnlega samstilltir. En þegar vitið er nógu fullkomið orðið, og skilningurinn, mun samstillingin verða mjög öflug.

Jæja, þetta nær nú ekki að koma fram allt nægilega vel en í áttina þó, og hef ég þetta þá ekki lengra nú, þakka, og vertu sæll.

23. 09. 1972.

Sveinn Haraldsson miðill.

(Sveinn ritaði hverja setningu jafnóðum eftir því sem honum þótti Sarapústra mæla. I. A.).

Til lesenda Lífgeisla

(Nauðsyn aðsendrar lífmagnanar)

Aðsend *líf magnan* er sú höfuðnauðsyn lífsins sem engin lifvera getur án verið, hvort heldur er um að ræða jurtir, dýr eða menn. Meðal sumra tegunda dýra virðist *samstilling* og óafvituð samkennd fjöldans vera mikil nauðsyn til viðhalds lífinu, og má í því sambandi nefna ýmis dýr, sem mjög fara saman í hópum t.d. fiskatorfur (loðnu, síld, þorskur) og sumar tegundir fugla (t.d. farfuglar) og ýmissa fardýra á landi (t.d. hreindýra á norðurslóðum í sumum löndum). Með slíkri samstillingu og samstarfi að ákveðnu marki öðlast vissar dýrategundir meiri sameiginlega magnan en annars væri og auðveldar þannig lífsbaráttu þeirra. Þessi dýr eru þannig öðrum þræði e.k. hópverur, sem verða aðnjótandi meiri sameiginlegrar, aðsendrar orku, hverjum einstaklingi til mögnunar, í meira mæli, en þeim annars væri kostur á að öðlast.

Eitt af því, sem mjög dregur úr mætti sameiginlegrar, aðsendrar lífmögnunar mannkynsins, er hið mikla sundurlyndi, sem á sér stað, meðal einstaklinga, hópa, kynþátta og bjóða. Væri jákvæð samstilling manna meiri og almennari en nú er af að segja, er alveg víst að hver einstakur nytí meiri aðsendrar orku frá lengra komnu lífi annarra hnatta, þar sem alsamstiltt mannkyrna eiga sín heimkynni. Einhver háskalegustu helstefnueinkenni jarðarbúa, eru styrjaldir þær hinar voðalegu, stórar og smáar, sem háðar eru um víða veröld, og eru því geigvænlegrar sem hernaðartækni eykst.

Eitt aðalhlutverk Nýals-stefnunar (þ.e. hvers eins sem aðhyllist hana) er, að verða sem best *samtaka mættinum mikla*, sem stöðugt leytagast við að breyta hér um frá hinni ráðandi helstefnu yfir á leið lífstefnunnar. Og í raun er það hún sem verður að ná hér yfirtökum á framvindu lífsins, ef takast á að forða lífi jarðar frá algjörri tortímingu. Og þetta verður að takast!

Þeir sem kynnst hafa kenningum Nýals, ættu að skilja eðli lífs og lífgeislunar manna best og vita hvers vænta má af samböndum við lengra komna lifendur annarsstaðar í geimi. Hlutverk þeirra sem skilja þetta samband er ekki lítið og verða því að stefna hátt.

Vitum, að samtaka hópur, bótt fámennur sé enn, getur áorkað meiru í þessa átt, en fjölmennur hópur og samtök, sem ekki stefna að réttu marki og ekki vita um þann mátt sem býr í samtaka lífsskilningi og eru samstiga í því máli.

Kæru lesendur! Styðjið útkomu Lífgeisla, með því að senda okkur sem fyrr ýmiskonar efni til birtingar: Drauma, frásagnir, ljóð og greinar til þess að gera efni ritsins sem fjölbreyttast og áhugaverðast.

Svo óskum við, að þetta nýbyrjaða ár megi verða öllum sem ánægjulegast og farsælast á öllum sviðum.

F.h. ritstjórnar Lífgeisla og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
 Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Helix hringþokan.

| | | |
|--|------|----|
| (Forsíðumynd og önnur) I. A. | bls. | 2 |
| Um kennningar dr. Helga Pjeturss. | " | |
| Ragnar Gunnarsson | " | 3 |
| Um stjörnusambandsstöð. Úr Ennýal | " | 8 |
| Íslensk friðarsókn. Þorsteinn Guðjónsson | " | 9 |
| Orð Helga Pjeturss. (Úr Sannýal) | " | 10 |
| Listrænn sjáandi (með 3 myndum). | | |
| Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka | " | 11 |
| Líf er á öðrum stjörnum. Þorsteinn Guðjónsson .. | " | 14 |
| Gegg undanhaldi íslenskunnar. | | |
| Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum | " | 15 |
| Hlustað á fjartalanda I. (Talskynjun). | | |
| Ingvar Agnarsson | " | 16 |
| Glitrandi sólir (mynd) | " | 18 |
| Hlustað á fjartalanda II. Ingvar Agnarsson | " | 19 |
| Plútó og Charon. (Með 2 myndum). I. A. | " | 22 |

LJÓÐ:

| | | |
|---|---|----|
| Öldulíf (brot). Einar Benediktsson | " | 24 |
| Leiftrandi stjarna. Helgi Sæmundsson | " | 25 |
| Geislabylgjur himins (brot). Davíð Stefánsson | " | 25 |

DRAUMAR:

| | | |
|--|---|----|
| Horft í spegil í draumi. Ásgeir Garðarsson | " | 26 |
| Skólabyggingin stóra. Ásgeir Garðarsson | " | 26 |
| Tilfinning fyrir eigin stærð í draumi. | | |
| Ásgeir Garðarsson | " | 27 |
| Sólirnar tvær. Aðalbjörg Bjarnadóttir | " | 28 |
| „Það er komið strið“. I. A. | " | 29 |

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson

Ritari: Gunnar Hjörvar

| | | |
|--|---|----|
| Sæmundur fróði | " | 30 |
| Pasteur | " | 31 |
| Sv. Har.: Sambandstal í einrúmi: Saraþústra | " | 32 |

MYR:

| | | |
|-------------------------------|---|----|
| Málefni | " | 18 |
| Spekiorð Helga Pjeturss | " | 21 |

ÝMISLEGT:

| | | |
|-----------------------------------|---|----|
| Til lesenda Lífgeisla. I. A. | " | 35 |
|-----------------------------------|---|----|